

Samþykktir.

Heiti, heimili og hlutverk.

1. gr.

1.1. Lífeyrissjóðurinn heitir Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum um hann nr. 155/1998, lögum um skyldutrygginu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykktum sjóðsins.

1.2. Lífeyrissjóðurinn starfar í tveimur deildum samtryggingardeild og séreignardeild.

1.3. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga og samþykktum sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyrstryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

1.4. Heimili lífeyrissjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

Sjóðfélagar.

2. gr.

2.1. Skylda til greiðslu iðgjalds nær til allra launþega og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs og hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að öðrum lífeyrissjóði og greiðslu iðgjalds til hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2.2. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

2.3. Sjóðfélagar teljast allir þeir sem eiga lífeyrisréttindi hjá lífeyrissjóðnum og þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris.

2.4. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að selja öðrum lífeyrissjóðum tryggingarvernd og hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingarverndar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að bjóða sjóðfélögum og öðrum aðilum samninga um viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnað í samræmi við lög nr. 129/1997.

2.5. Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur. Aðild að sjóðnum fellur niður er sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.

Stjórn.

3. gr.

3.1. Fjármálaráðherra skipar sjö menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu fjórir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða og þrír án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður sjóðstjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Fjármálaráðherra ákvarðar þóknun stjórnarmanna. Stjórnin skal halda gerðarbók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

3.2. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin setur honum samþykktir í sam-

ræmi við ákvæði laga nr. 155/1998 og ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

3.3. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu fimm árum hafa, í tengslum við atvinnurekstur, fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum evrópska efnahagssvæðisins eða í Færeyjum, eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði.

3.4. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðinum. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Skal menntun og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gengt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

3.5. Lífeyrissjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi.

3.6. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

3.7. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.

3.8. Um vanhæfi til meðferðar einstaks máls fer eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og eftir atvikum öðrum starfsmönnum er skylt að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framantölu. Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um mál sem svo er vaxið.

3.9. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðsins, eru bundnir af þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

3.10. Stjórn lífeyrissjóðsins skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila, móta fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og reglur um verðbréfavíðskipti stjórnar sem og starfsmanna lífeyrissjóðsins. Reglur um verðbréfavíðskipti skulu samþykktar af Fjármálaeftirlitinu. Einnig ber stjórn að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

3.11. Lífeyrissjóðurinn skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem hæfur er til að sinna eignastýringu verðbréfasafna lífeyrissjóðsins á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu. Skal hann jafnframt hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Ársfundur.

4. gr.

4.1. Fyrir lok júní hvert ár skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Tillögum skal vísað til stjórnar til meðhöndlunar.

4.2. Ársfund skal boða með tryggilegum hætti, að lágmarki með auglýsingu í dagblöðum 7 virkum dögum fyrir ársfund.

4.3. Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins. Þrátt fyrir ákvæði 30.gr.l.129/1997 er stjórn sjóðsins heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins sem beinlínis leiða af lögum eða reglugerðum.

Reikningar og endurskoðun.

5. gr.

5.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skal ársreikningurinn gerður í samræmi við lög, reglur og góða reiknings-skilavenju.

Tryggingafræðileg athugun.

6. gr.

6.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna úr fjárhag sjóðsins skv. 24.gr. sbr. 39.gr. l. 129/1997 og skal niðurstaðan vera hluti af reikningssskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót.

6.2. Athugun skal gerð af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun.

6.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

6.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum getur stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing ákveðið um lækkan lífeyrisréttinda, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997.

Ávöxtun fjár sjóðsins.

7. gr.

7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja deild í deildarskiptum sjóði. Lífeyrissjóðnum er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisskuldbréfum, ríkisvxlum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum og vxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og vxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.
3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 75% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.
4. Með innlánnum í bönkum og sparisjóðum.
5. Í skuldabréfum og vxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila.
6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
7. Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, eða tilskipun 85/611EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS=tilskipuninni) en verðbréfasafni að baki skírteinum eða hlutum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.-6. mgr.
8. Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
9. Í öðrum verðbréfum.
10. Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.

7.2. Verðbréf skv. 1., 2., 5., 6., 8. og 9. tölulið 7.1. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegam verðbréfamarkað innan

aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skal Fjármálaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

7.3. Þrátt fyrir ákvæði 7.2. er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 20% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5., 6., 8. og 9. tölul. 7.1. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af aðilum innan aðildarríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum eru þó eingöngu heimilar ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna öllum aðgengilegir.

7.4. Eign lífeyrissjóðsins í einstökum tegundum verðbréfa skv. 2., 5., 6., 8. og 9. tölul. 7.1. skal ekki vera meiri en 50% af hreinni eign sjóðsins.

7.5. Eign lífeyrissjóðsins í hlutabréfum fyrirtækja skv. 6. tölul. 7.1. skal ekki vera meiri en 60% af hreinni eign sjóðsins. Þó skal samanlögð eign skv. 6. og 8. tölul. 7.1. ekki vera meiri en 60% af hreinni eign sjóðsins.

7.6. Eign lífeyrissjóðsins skv. 8. tölul. 7.1. í sjóðum sem lúta ekki opinberu eftirliti skal þó aldrei vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.

7.7. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2. - 9. tölul. 7.1. útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum sbr. lög um fjármálafyrirtæki eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 9. tölul. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 1. másl. og innlánnum skv. 4. tölul. 7.1. skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins. Eigi er lífeyrissjóðnum heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. Lífeyrissjóðnum eða einstakri deild hans er ekki heimilt að hafa meira en 25% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags. Þó er lífeyrissjóðinum heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa. Lífeyrissjóðnum er óheimilt að binda meira en 25% af hreinni eign í innlánnum sama banka eða sparisjóðs.

7.8. Lífeyrissjóðurinn skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign sjóðsins.

7.9. Með hreinni eign í 7.3. – 7.8. er átt við hreina eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Takmarkanir í 7.3. – 7.8. skulu halda á hverjum tíma.

7.10. Þrátt fyrir ákvæði 7.3. er lífeyrissjóðinum heimilt að flokka til skráðra bréfa þau óskráðu bréf sem hann keypti tengd húsnæðislánnum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1974 til 1994.

7.11. Lífeyrissjóðinum er ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein en skal þegar hann kaupir verðbréf gæta þess að þessi takmörk séu virt.

7.12. Lífeyrissjóðurinn má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins. Þrátt fyrir það er lífeyrissjóðinum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfur. Eignirnar skulu seldar eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

7.13. Grein 7 á við fjárfestingar beggja deilda þ.e. samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins og séreignardeildar.

Iðgjöld

8. gr.

8.1. Iðgjald til sjóðsins skal nema að lágmarki 12% af iðgjaldastofni sbr. 8.2. Sé um launþega að ræða skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 8%.

8.2. Iðgjald skv 8.1. skal reiknað af heildarþjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhár þjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt sbr. 59. gr. þeirra laga.

8.3. Lífeyrissjóðinum er heimilt að taka við viðbótargjaldi sem greitt er umfram lágmarksiðgjald samkvæmt 8.1. og 8.2. Getur því viðbótariðgjaldi verið varið til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu eða í séreign. Sé því varið til samtryggingar skal viðkomandi sjóðfélagi greiða fullt lágmarksiðgjald til samtryggingardeildar sjóðsins. Greiðsla lágmarkstryggingariðgjalds og viðbótariðgjalds skal fara fram samtímis sé viðbótariðgjaldinu varið til samtryggingar. Slíkt viðbótariðgjald getur verið án sérstaks mótframlags.

8.4. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldshluta. Gjaldþagi iðgjalds hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar og eindagi síðasta dag sama mánaðar. Hafi ekki verið greitt á eindaga skal innheimta hæstu vanskilavexti sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka frá gjaldþaga til greiðsludags. Launagreiðanda og sjálfstæðum atvinnurekanda ber að tilkynna sjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra látið af störfum.

8.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta þóknun allt að 4% af iðgjaldi vegna innheimtu iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta í samræmi við 6. gr. laga nr. 129/1997. Heimilt er að draga þóknunina frá iðgjaldi áður en það er fært í réttindabókhald.

8.6. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

8.7. Iðgjöld sjóðfélaga sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélagi við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á skv. 6. grein laga nr. 53/1993. (Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa).

8.8. Á hálfis árs fresti skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Lífeyrissjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskraðu, að gera lífeyrissjóðinum viðvart án tafar um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélagi, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunnin og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Heimilt er að skila yfirlitum til sjóðfélaga með rafrænum hætti óski þeir eftir því.

Grundvöllur lífeyrisréttinda

9. gr.

9.1. Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni. Í 10. – 13. grein er tilgreint hvernig lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru reiknuð. Byggir útreikningurinn m.a. á réttindatöflum í viðauka sem teljast hluti samþykktanna. Reikna skal nýjar réttindatöflur árlega. Gefi nýju réttindatöflurnar niðurstöðu sem breytir framtíðarskuldbindingum sjóðsins um meira en 1% þá skulu nýju töflurnar taka gildi frá og með næstu áramótum þaðan í frá. Að öðrum kosti gilda eldri réttindatöflur áfram.

9.2. Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af samkvæmt töflu I í viðauka og ákvæðum hér á eftir. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af.

9.3. Sjóðfélaga sem á réttindi í sjóðnum miðað við árslok 2005 er heimilt að greiða til hans iðgjöld allt að tilteknu hámarki með jafnri réttindaávinnslu í jafn marga mánuði og viðkomandi hafði greitt iðgjöld til sjóðsins fyrir 42 ára aldur í lok árs 2005. Hafi hann greitt iðgjöld í full 5 ár á umræddu tímabili á hann rétt á að greiða allt að viðmiðunariðgjaldi í jafnri réttindaávinnslu til 70 ára aldurs. Þessi jafna ávinnsla miðast við meðaltal réttindaávinnslu aldursáranna 25 til og með 64 ára skv. töflu I í viðauka, þar sem meðaltalið er birt sérstaklega.

9.4. Hámarksíðgjald til jafnrar ávinnslu á hverju almanaksári, viðmiðunariðgjald, skal ákveðið fyrir hvern sjóðfélaga á aldrinum 25 ára til og með 69 ára, jafnhátt því iðgjaldi sem hann greiddi til sjóðsins á árinu 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst sjóðnum hans vegna, hafi það verið fyrr. Viðmiðunariðgjaldið skal þó ekki taka mið af iðgjaldagreiðslum umfram 10% af iðgjaldastofni. Hafi iðgjaldagreiðslur það ár ekki endurspeglað venjubundnar greiðslur, s.s. vegna starfshléa eða að greiðslum hafi verið hætt á árinu, skal eftir umsókn sjóðfélaga miða útreikning á viðmiðunariðgjaldi við iðgjaldagreiðslur næsta ár á undan sem stjórn sjóðsins telur gefa sanngjarna mynd af reglulegum iðgjaldagreiðslum sjóðfélagans. Viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu tekur breytingum í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá viðmiðunarári til greiðsluárs hverju sinni.

9.5. Öll iðgjöld sem berast sjóðnum á ári hverju vegna sjóðfélaga sem er 25 ára eða eldri í árslok 2005 og hefur skilgreint viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu, skulu færast í jafnri réttindaávinnslu allt þar til viðmiðunariðgjaldinu er náð eða útreiknuðu iðgjaldsgreiðslutímabili er lokið. Sjóðurinn skal sérstaklega gæta þess að réttindaávinnsla þeirra sem ekki eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu til 70 ára aldurs skv. 9.3. og 9.4. sé samkvæmt þeim ávinnslureglum er gefa meiri rétt á hlutaðeigandi tímabili. Iðgjald sem berst umfram framangreint viðmiðunariðgjald myndar réttindi samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðsins. Þegar öll iðgjöld ársins hafa borist vegna sjóðfélaga sem á skilgreint viðmiðunariðgjald skal færa þau til réttinda þannig að sá hluti iðgjalda ársins sem fer í jafna réttindaávinnslu skiptist á mánuði ársins í hlutfalli við samtals iðgjöld. Mismunurinn fer í aldursháða réttindaávinnslu.

9.6. Nú greiðast ekki iðgjöld alla mánuði tiltekins almanaksárs og reiknast þá viðmiðunariðgjald þess árs í réttu hlutfalli við fjölda greiðslumánaða.

9.7. Við framreikning réttinda skv. ákvæðum 11.-13. gr. skal reikna með jafnri ávinnslu í samræmi við hlutdeild viðmiðunariðgjalds sjóðfélagans af þeim iðgjöldum sem lögð eru til grundvallar framreikningi.

9.8. Lífeyrissjóðurinn skal upplýsa sjóðfélaga um útreikning á viðmiðunariðgjaldi til jafnrar réttindaávinnslu skv. framanskráðu innan fimm mánaða frá því að hann greiðir fyrst til sjóðsins eftir 1. janúar 2006. Telji sjóðfélagi viðmiðunarárið ekki gefa sanngjarna mynd af venjubundnum iðgjaldsgreiðslum hans getur hann óskað eftir því við sjóðstjórn að annað ár verði lagt til grundvallar útreikningi viðmiðunariðgjalds. Ósk um endurskoðun viðmiðunariðgjalds skal berast sjóðnum í síðasta lagi 9 mánuðum eftir að sjóðfélaginn fékk tilkynningu um útreikning viðmiðunariðgjalds.

9.9. Ekki skal reikna viðmiðunariðgjald fyrir sjóðfélaga sem eru yngri en 25 ára eða eldri en 70 ára þann 1. janúar 2006. Sjóðfélagi getur hvenær sem er ákveðið að allt iðgjald hans færist til réttinda eftir aldursháðri réttindatöflu. Ákvörðun sjóðfélaga þar um öðlast gildi frá upphafi þess árs sem tilkynning hans berst sjóðnum og er sú ákvörðun óafturkræf. Réttur til jafnrar ávinnslu skv. ákvæðum þessa kafla telst frá 1. janúar 2006 eða frá þeim tíma er sjóðfélagi fyrst er heimilt að greiða til sjóðsins vegna launatekna af vinnu á starfssviði hans og fellur niður, sé hann ekki nýttur án eðlilegra skýringa að mati sjóðstjórnar.

9.10. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samkomulag við aðra lífeyrissjóði innan Landssamtaka lífeyrissjóða sem hafa miðað við jafna réttindaávinnslu á árinu 2003 um gagnkvæma viðurkenningu iðgjaldsgreiðslna til útreiknings viðmiðunariðgjalds skv. framanskráðu. Þá er sjóðnum heimilt að halda samræmda tölvuskrá í samstarfi við aðra lífeyrissjóði um rétt manna til jafnrar ávinnslu og kveða á um það, hvernig sá réttur deilist niður, sé iðgjald greitt til fleiri sjóða.

9.11. Áunnin lífeyrisréttindi eins og þau eru skilgreind í 10.-13. gr. og reiknuð samkvæmt 9.2. og 9.3. skulu varðveitt í samræmi við gildandi reglur hverju sinni, þannig að lífeyrisgreiðslur verði samkvæmt uppsöfnuðum réttindum hvers réttindatímabils. Framreikningur skal hverju sinni vera samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar réttur til lífeyris varð virkur. Samtala lífeyrisréttinda er summa áunninna lífeyrisréttinda og framreiknaðra lífeyrisréttinda, ef slík réttindi hafa verið úrskurðuð. Framreiknuð lífeyrisréttindi teljast ekki með áunnum lífeyrisréttindum nema að því marki sem þau hafa fallið til frá úrskurði til framreiknings, sbr. gr. 11.18. og gr. 12.7. Þegar stjórn sjóðsins ákveður aukningu réttinda skulu þau vera greind frá öðrum réttindum. Réttindaaukning er ekki tekin með í framreikningi en hún reiknast að fullu í áunnum réttindum. Komi til skerðingar á áunnum réttindum sjóðfélaga skal fara með réttindaskerðinguna á sama hátt og réttindaaukningu nema að skerðingin kemur til frádráttar áunnum réttindum.

9.12. Verði iðgjöld ekki reiknuð til réttinda vegna þess að sjóðfélagi hafði náð 70 ára aldri eða ekki náð 16 ára aldri við greiðslu iðgjalda, fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 15. gr.

9.13. Áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga vegna iðgjalda til ársloka 2005 skulu varðveitt skv. þeim réttindareglum sem þá giltu. Þau skulu umreiknuð til krónutölu miðað við áunnin stig á hverju ári og þau grundvallarlaun sem í gildi voru í árslok 2005. Þau breytast síðan mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. þessari grein fer eftir töflum II og III í viðauka.

Ellilífeyrir. 10. gr.

10.1. Hver sjóðfélagi sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

10.2. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 67 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I í viðauka.

10.3. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst.

10.4. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur þá lækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu II fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagann vantar upp á 67 ára aldur þegar taka lífeyris hefst.

10.5. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu réttindi hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi vegna iðgjalda eftir 67 ára aldur reiknast eftir töflu IV í viðauka.

10.6. Ellilífeyrir er greiddur mánaðarlega til æviloka samkvæmt uppsöfnum réttindum.

Örorkulífeyrir. 11. gr.

11.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 11.3. og hefur greitt í lífeyrissjóðinn í samtals tvö ár, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 9. gr., fram að orkutapi.

11.2. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 13. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og frá öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.

Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagsins síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið verðbættar til úrskurðardags, sbr. gr. 11.4. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga, er fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyrir fyrir 1. janúar 2006. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á launavísitölu.

11.3. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum.

11.4. Heimilt er, að fengnu álit trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans. Þegar skilyrði 11.1. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunnin lífeyrisrétt skv. 9. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þeirra réttinda er ætla má að, sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 11.9., enda hafi sjóðfélagi:

- a. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og a.m.k. kr. 60.000 hvert þessara þriggja ára.
- b. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- c. Ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

11.5. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

11.6. Hafi sjóðfélaginn skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.

11.7. Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðsins.

11.8. Verði sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 11.5. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verið talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

11.9. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 11.4. á framreikningi réttinda skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali iðgjalda

sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta fjögurra ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

11.10. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal iðgjalda hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

11.11. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við sem svarar 400 þúsund króna árslaunum fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árlegar iðgjaldagreiðslur hafa svarað til lægri árslauna en 400 þúsund króna og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

11.12. Nemi árlegt meðaltal iðgjalda, sem miða skal framreikning við skv. 11.9. og 11.10., meira en kr. 400.000 skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað kr. 400.000 á ári að viðbættum helmingi iðgjalda sem umfram eru.

11.13. Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð réttindi aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

11.14. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarks örorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 11.1. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap.

11.15. Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

11.16. Skytt er sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

11.17. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

11.18. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna réttinda skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, réttindi sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin réttindi vera meiri en svo að heildarréttindi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

Makalífeyrir.

12. gr.

12.1. Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. í 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá maki hans rétt á lífeyri úr sjóðnum.

12.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt. Enn fremur skal makalífeyrir veittur maka sjóðfélaga ef

trúnaðarlæknir telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku, meðan það ástand varir, þó aldrei lengur en til 67 ára aldurs eftirlifandi maka.

12.3. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 12.1. skal fullur makalífeyrir greiddur að lágmarki í 48 mánuði og 50% makalífeyrir í 36 mánuði til viðbótar.

12.4. Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir ekki skilyrði 12.1. um iðgjaldagreiðslutíma, og maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagens.

12.5. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri í samræmi við ákvæði 12.4.

12.6. Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagens, hvort sem gefur hærri rétt við fráfall.

12.7. Auk áunninna réttinda skal telja með þau réttindi sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 11.9. en þó skal aldrei miða meðaltal réttinda við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna réttindi frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, í samræmi við réttindi þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þess sjóðs.

12.8. Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélaga. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru í samvistum, eiga barn saman eða konan þunguð eða sambúðin varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem sannanlega hefur annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

Barnalífeyrir.

13. gr.

13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris við andlátið og eiga þá börn hans eða kjörbörn, sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 19 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 19 ára aldurs.

13.2. Veiti fráfall sjóðfélagens börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

13.3. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er kr. 9.903 fyrir hvern almanaksmánuð. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árlegur iðgjaldasstofn, áætlaður í samræmi við 12.7. er a.m.k. kr. 500.000. Sé iðgjaldastofninn lægri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður hafi stofninn svarað til minna en helmings þessarar fjárhæðar.

13.4. Sé sjóðfélagi úrskurðaður örorkulífeyrir í samræmi við 11.1. vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap, eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 13.3. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er kr. 7.262. Sé örorka skv. 11. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

13.5. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13.6. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

Iðgjaldagreiðslur falla niður.

14. gr.

14.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

14.2. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig sbr. þó 14.1.

Endurgreiðsla iðgjalda.

15. gr.

15.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða öll iðgjöld launþega, erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Færeyja skv. gildandi milliríkjasamningum. Á ofangreint einnig við um endurgreiðslu lífeyrirssparnaðar í séreign.

15.2. Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, sem náð hafa 70 ára aldri eða yngri en 16 ára, skal hann endurgreiða sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldshluta þeirra.

Samningar um gagnkvæm réttindi.

16. gr.

16.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykktu þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Enn fremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrir en þeir hafa hlotið samþykki fjármálaráðuneytisins.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

17. gr.

17.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

17.2. Sjóðfélagi getur ákveðið að iðgjöld eða eftirlaunagreiðslur hans, allt að hálfu, renni til maka hans eða fyrrverandi maka. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

1. Ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til sjóðfélaga geta runnið allt að hálfu til maka sjóðfélaga eða fyrrverandi maka. Látist makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra réttinda á undan sjóðfélagi skulu allar greiðslurnar renna til sjóðfélagans.

2. Áður en taka lífeyris hefst en þó ekki síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar dragi ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda sjóðfélaga skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka sjóðfélaga eða fyrrverandi maka og skerðast réttindi sjóðfélaga sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins má þó ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans.
3. Að iðgjöld sjóðfélaga gangi til þess að mynda allt að hálfu sjálfstæð réttindi fyrir maka sjóðfélaga.

17.3. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði, og fyrrsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

17.4. Þar sem samþykktir þessar tilgreina fjárhæðir í krónum talið, miðast verðgildi þeirra við gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 230 og skulu fjárhæðir endurreiknaðar mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni, nema annað sé tekið fram í viðkomandi grein.

Séreignardeild Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

18. gr.

18.1. Við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda skal starfrækt séreignardeild til móttöku viðbótar-iðgjalda. Hlutverk deildarinnar er að tryggja sjóðfélögum og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktar deildarinnar

19. gr.

19.1. Félagar í séreignardeildinni geta allir þeir orðið sem greiða iðgjald til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og uppfylla skilyrði um lágmarkstryggingarvernd eins og hún er skilgreind að lágmarki í lögum um starfsemi lífeyrissjóða. Jafnframt geta einstaklingar, sem skylt er að greiða í aðra lífeyrissjóði, greitt viðbótargjald í séreignardeildina.

19.2. Þeir sem gerast vilja rétthafar skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflegan samning um lífeyrissparnað og felst í honum yfirlýsing að þeir vilji hlíta samþykktum séreignardeildarinnar. Samningurinn skal gefinn út í tveimur eintökum, einu heldur rétthafi og hinu heldur deildin.

19.3. Framlag í séreignardeild gefur ekki rétt til réttinda eða fyrirfram ákveðins lífeyris.

19.4. Færa skal sérreikning fyrir iðgjöld hvers rétthafa í séreignardeild.

19.5. Ávöxtun hvers sérreiknings skal vera tölulega hin sama og hrein ávöxtun deildarinnar, en við útreikning á hreinni ávöxtun skal rekstrarkostnaður deildarinnar umfram rekstrartekjur dreginn frá fjármunatekjum.

19.6. Reikna skal vexti þá, sem færast skulu á einstaka sérreikninga í árslok, þannig að vextir hvers sérreiknings séu reiknaðir af eign í ársbyrjun og af inn- og útborgunum á árinu í samræmi við hreina raunávöxtun séreignardeildarinnar.

20. gr.

20.1. Gerist einstaklingur rétthafi í séreignardeildinni, sem verið hefur rétthafi í öðrum lífeyrissjóði, er stjórn deildarinnar heimilt að taka við sem eingreiðslu því fé sem hann kann að fá útborgað úr þeim sjóði sem hans flyst úr.

20.2. Séreignardeildin skal senda út yfirlit til rétthafa a.m.k. einu sinni á ári yfir iðgjalda-greiðslur og innistæður þeirra. Hægt er að ákveða að senda út yfirlit oftar í samræmi við samþykktir stjórnar.

21. gr.

21.1. Fé það sem lagt er inn í nafni rétthafa skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eignar hjá hverjum rétthafa þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem deildinni áskotnast vegna eignar hans í deildinni.

21.2. Nettótekjur deildarinnar skiptast milli rétthafa í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikning þeirra.

22. gr.

22.1. Hefja má úttekt á innistæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrr en rétthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum sbr. 2. - 6.mgr. þessar greinar.

22.2. Þegar rétthafi er orðinn 60 ára er heimilt að greiða út lífeyrissparnað ásamt vöxtum.

22.3. Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorku-prósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

22.4. Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innistæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

22.5. Deyji rétthafi áður en innistæða er að fullu greidd fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.

a. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innistæðan til dánarbús án takmarkana skv. 2. msl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

22.6. Rétthafa og viðtakanda greiðslu er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu, sem fylgja skal vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Samningur þessi getur, að hluta til eða öllu leyti, verið til ákveðins tíma eða til æviloka rétthafa.

23. gr.

23.1. Hægt er að segja samningi um lífeyrissparnað upp með tveggja mánaða fyrirvara. Tekur uppsögnin gildi um leið og rétthafi hefur tilkynnt hana til sjóðsins.

24. gr.

24.1. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar heldur er einungis heimilt að flytja innistæðuna til annars vörsluaðila sem viðurkenndur er að Fjármálaráðuneytinu sem vörsluaðili sbr. 8.gr. laga nr.129/1997.

24.2. Við uppsögn rétthafa og flutning inneignar rétthafa til annars vörsluhafa ber að greiða alla inneign hans.

24.3. Endurgreiðslufjárhæðin er inneign rétthafa að frádregnum kostnaði sem nemur 1% af inneign sjóðfélaga enda hafi hann greitt til deildarinnar skemur en 36 mánuði frá fyrstu innborgun.

25. gr.

25.1. Eignir séreignardeildarinnar skal ávaxta í samræmi við 7. gr. samþykktu sjóðsins og laga nr. 129/1997 og fjárfestingarstefnu deildarinnar.

26. gr.

26.1. Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda skal jafnframt vera stjórn séreignardeildarinnar og fara með málefni hennar.

27. gr.

27.1. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda annast daglegan rekstur séreignardeildarinnar samkvæmt 1. gr. laga um sjóðinn nr 155/1998. Rekstur séreignardeildarinnar og ávöxtun iðgjalds skal aðskilinn fjárhagslega annarri starfsemi sjóðsins að öllu leyti.

Reikningsár séreignardeildarinnar skal vera almanaksárið.

28. gr.

28.1. Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneignir í séreignardeildinni, hvort heldur sem er heild eða hluta þeirra, svo sem einstakar útborganir.

Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

29. gr.

29.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

Málsmeðferð og gerðardómur.

30. gr.

30.1. Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðinum gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.

30.2. Vilji sjóðfélagi eða erfingjar hans ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málinu til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum af lífeyrissjóðinum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

Eftirlit.

31. gr.

31.1. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og lög nr. 87/1998.

Breytingar á samþykktum.

32. gr.

32.1. Breytingar á samþykktum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda eru í höndum stjórnar sjóðsins og þurfa þær staðfestingu fjármálaráðuneytisins að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Gildistaka.

33. gr.

33.1. Samþykktir þessar koma í stað samþykktu sjóðsins frá 1 janúar 2009 og öðlast gildi að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Ákvæði til bráðbirgða.

I. Þrátt fyrir grein 7.7. er lífeyrissjóðnum heimilt að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum til 31. desember 2013.

Reykjavík, 21. apríl 2009
Í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.:

Baldur Guðlaugsson stjórnarformaður

Hrafn Magnússon varaformaður

Arnar Sigurmundsson

Gunnar Gunnarsson

Þorbjörn Guðmundsson

Þorgeir Eyjólfsson

Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

VIÐAUKI A:

Réttindatöflur sem gilda frá og með 1. janúar 2006

TAFLA I

Árleg lífeyrisréttindi frá 67 ára aldri fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem sjóðfélagi greiðir á hverju aldursári.

Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi
16	3.379	26	2.230	36	1.594	46	1.223	56	947
17	3.257	27	2.147	37	1.548	47	1.193	57	922
18	3.136	28	2.070	38	1.505	48	1.163	58	896
19	2.997	29	1.997	39	1.464	49	1.134	59	872
20	2.863	30	1.930	40	1.421	50	1.112	60	847
21	2.738	31	1.865	41	1.384	51	1.083	61	825
22	2.621	32	1.805	42	1.349	52	1.055	62	804
23	2.513	33	1.748	43	1.315	53	1.027	63	785
24	2.412	34	1.694	44	1.282	54	1.000	64	769
25	2.318	35	1.642	45	1.254	55	974	65	756
								66	748

Réttindi í jafnri ávinnslu er meðaltal réttinda 25 til og með 64 ára eða 1.355 krónur fyrir hvert 10.000 króna iðgjald.

TAFLA II

Lækkun ellilífeyris þegar taka hefst fyrir 67 ára aldur

Aldur	Lækkun fyrir hvern mán.	Aldur	Samtals lækkun
66-67	0,70%	66	8,40%
65-66	0,65%	65	16,20%

TAFLA III

Hækkun ellilífeyris þegar taka hefst eftir 67 ára aldur

Aldur	Hækkun fyrir hvern mán.	Aldur	Samtals hækkun
67-68	0,68%	68	8,16%
68-69	0,77%	69	17,40%
69-70	0,87%	70	27,84%

TAFLA IV

Árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er á hverju aldursári frá 67 til 69 ára.

Aldur	Taka lífeyris- hefst	Lífeyris- réttindi	Hækkun fyrir hvern mánuð	Samtals hækkun við aldur	69	70
67	68	774	0,68%	8,16%	16,68%	
68	69	798	0,71%			8,52%
69	70	824				

VIÐAUKI B:

Reiknigrundvöllur:

Vextir: 3,5%

Dánarlíkur: Íslenskar dánarlíkur miðað við reynslu áráanna 1999 til 2003.

Örorkulíkur: Hlutföll af íslenskum líkum 1998 – 2002 70% karlar og 80% konur.

Kynja hlutfall: 60% karlar – 40% konur.

VIÐAUKI C:

Yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, samþykktar af stjórn, skv. greinum 6.3. og 6.4. í samþykktunum og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. Þann 20. febrúar 2006 var samþykkt á stjórnarfundum 5% hækkun allra áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í sjóðnum á árinu 2005 og fyrr. Hækkunin er færð sem skuldbinding í réttindayfirlit sjóðsins í desember 2005 og öðlast gildi við greiðslu lífeyris frá og með janúarmánuði 2006, sbr. gr. 9.11. í samþykktunum.
2. Þann 19. febrúar 2007 var samþykkt á stjórnarfundum 5% hækkun allra áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga í sjóðnum á árinu 2006 og fyrr. Hækkunin er færð sem skuldbinding í réttindayfirlit sjóðsins í desember 2006 og öðlast gildi við greiðslu lífeyris frá og með janúarmánuði 2007, sbr. gr. 9.11. í samþykktunum.